


Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfss  
Björn Guðbrandur Jónsson  
Laugavegi 13  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. janúar 2014  
Tilvísun: UST20140100021/bs

## Upgræðsla innan Reykjanesfólkvangs. Leyfi

Vísað er til bréfs samtakanna *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfss (GFF)* dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til áframhaldandi upgræðslu innan Reykjanesfólkvangs. GFF hefur um langt árabil stundað upgræðslu innan Reykjanesfólkvangs með vitund og vilja stjórnar Reykjanesfólkvangs, en án formlegs leyfis Umhverfisstofnunar. Síðastliðið sumar bárust Umhverfisstofnun ábendingar vegna akstur vörubíla utan vega innan Reykjanesfólkvangs. Vegna þessa hafði Umhverfisstofnun samband við GFF og á sameiginlegum fundi var ákveðið að koma starfsemi GFF innan Reykjanesfólkvangs sem m.a. felur í sér akstur tækja utan vega í formlegt horf í samræmi við reglur um Reykjanesfólkvang í auglýsingu í Stj. tíð. B, nr. 520/1975, en þar segir m.a. „Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“

**Lýsing framkvæmdar** Land hefur verið grætt upp með þeim hætti að hluta þess hrossataðs sem til fellur í Hafnarfjarbæ hefur verið losað innan Reykjanesfólkvangs. Þar hefur verið dreift úr taðinu og síðan hafa svæðin verið grædd upp með því að dreifa fræblöndu í taðið. Með þessum hætti hafa verið grædd upp stórar sléttur sunnan Kleifarvatns. En síðari ár hefur meiri áhersla verið lögð á að græða upp rofabörð í austanverðum Sveifluhálsi.

**Áhrifamat** Hér er um að ræða framhald upgræðslu sem staðið hefur yfir um langan tíma. Helstu neikvæð áhrif hafa verið vegna umferðar vörubíla. Draga má verulega úr þeim áhrifum með aukinni stýringu umferðar.

**Skilyrði** Umhverfisstofnun veitir leyfi til áframhaldandi upgræðslu GFF innan Reykjanesfólkvangs með eftirfarandi skilyrðum.

- Vörubílum verði ekki ekið utan skilgreindra lagersvæða. Í stað þess verði efni safnað saman á lager við ófrágengna námu sem nýtt hefur verið sem lager. Æskilegast væri að setja þar upp skilti þar sem fram kæmu upplýsingar um þá starfsemi sem þarna fer fram.
- Hvorki verði dreift áburði eða öðru efni við móbergsmýndanir í austanverðum Sveifluhálsi né við vesturströnd Kleifarvatns.
- Ekki verði dreift áburði eða öðru efni í eldhraun.
- Ekki verði gróðursettar trjáplöntur sem skyggt geta á móbergsmýndanir við austanverðan

Sveifluháls.

- Ekki verði notaðar ágengar tegundir plantna við uppgræðslu.
- Umhverfisstofnun verði gert viðvart þegar uppgræðsla hefst.
- Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á uppgræðslu örfoka lands og rofabarða á svæðinu við Vatnsskarð og sunnan Kleifarvatns. Einnig er lagt til að uppgræðsla hefjist á námusvæði sem kallast Sandfellsklofi þar sem Vegagerðin hesur gengið frá stórum námusvæðum.
- Leyfi þetta gildi fyrst í stað til eins árs. Fyrir lok árs 2014 verði á fundi GFF og Umhverfisstofnunar farið yfir starfsemi GFF innan Reykjanesfólkvangs og fjallað um framlengingu leyfis. Umhverfisstofnun mun boða til fundarins.

**Eftirlit og kostnaður** Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með að starfsemi GFF innan Reykjanesfólkvangs verði í samræmi við ofangreind skilyrði. Innheimt gjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar 10.600 Kr pr klst. Reynt verður að tengja þetta eftirlit öðrum erindum eins og kostur er til að draga úr kostnaði.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Afrit: Stjórn Reykjanesfólkvangs